



Ungir  
Umhverfissinnar

## Aðkoma ungmenna að umhverfistengdum skipulagsmálum

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna aðgengi ungmenna að umhverfistengdum skipulagsmálum m.t.t. hversu auðveldlega þau geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Verkefnið var framkvæmt af Ungum umhverfissinum og hlaut styrk úr rannsóknar- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar 2017.

### Aðferðir:

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir 924 ungmenni í öllum landshlutum, þ.m.t. í 30 framhaldsskólum landsins, á árunum 2017-2018. Svarendur voru 15-30 ára en flestir á bilinu 16-19 ára (843).

1. Vissir þú að ungmenni geta haft áhrif á umhverfistengd skipulagsmál með því að senda inn athugasemdir? Já / Nei
2. Hefur þú sent inn slíka(r) athugasemd(ir)? Já / Nei
3. Veist þú hvernig/hvar þú getur sent inn slíkar athugasemdir? Já / Aðeins / Nei
4. Ef nei: hefðir þú nýtt þér þennan rétt áður, ef þú hefðir kunnað það? Já / Nei

### Niðurstöður:

- 35% sögðust vita að ungmenni gætu haft áhrif á umhverfistengd skipulagsmál með því að senda inn athugasemdir.
- 15% vissu eða höfðu einhverja hugmynd um hvernig/hvar þau gætu sent inn slíkar athugasemdir. Þar af svöruðu 5% „já“ en 10% svöruðu „aðeins“.
- 3% sögðust áður hafa sent inn slíka(r) athugasemd(ir).
- **42% sögðu að hefðu þau kunnað það, þá hefðu þau nýtt sér þennan rétt áður.**

### Túlkun:

- ⇒ Lítill hluti ungs fólks hefur vitneskju, þekkingu eða reynslu af lýðræðisþátttöku í umhverfistengdum skipulagsmálum.
- ⇒ Ungt fólk vill búa yfir kunnáttu til að geta tjáð sjónarmið sín um umhverfistengd skipulagsmál.
- ⇒ Efla þarf framboð á fræðslu fyrir ungmenni um lýðræðisþátttöku í umhverfistengdum skipulagsmálum.